

35 Þýðubókasöfnum, námskeiðum og fyrirlestrum, er styrk fá úr rikissjóði, og  
19. maí heimtar um allt þetta árlegar skýrslur.

11. gr.

Fræðslumálastjóri skal árlega gefa út yfirlitsskýrslu um allt skóla-  
hald í landinu.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi numin  
ákvæði, er fara í bág við þessi lög.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Jónas Jónsson.*

36

19. maí

## L Ö G

um

vigt á síld.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau  
með samþykki Voru:

1. gr.

Öll síld, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu, skal hér eftir  
vegin, ef seljandi óskar þess.

Við vigt á síld skulu notaðar þar til hæfar vogir, er taki í einu að  
minnsta kosti innihald tveggja mælikera ásamt tæki því, sem síldin er vegin í.

Eitt mæliker skal rúma 135 kg. af síld, og telst það verðeining.

## 2. gr.

Par sem sild er vegin samkvæmt 1. gr., ber hlutaðeigandi yfirvaldi að lögilda nægilega marga vigtarmenn, sem annist vigt á sildinni jafnóðum og hún er afhent kaupanda. Vigtarmenn sjá um, að vogir þær, sem notaðar eru, séu löggiltar og skoðaðar árlega, áður en byrjað er að nota þær.

## 3. gr.

Mál samkvæmt lögum þessum skal farið með sem almenn lögglumál. Brot gegn lögnum varða sektum frá 20—2000 kr. Sektir renna í rikissjóð.

## 4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 11. gr. tilskipunar um mælitæki og vogaráhöld, frá 13. marz 1925, að því leyti, er þau samrýmast ekki lögum þessum. Svo falla einnig úr gildi önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Tryggvi Þórhallsson.*